

# AUGLÝSING

## um rammasamning milli Íslands og Evrópusambandsins um þátttöku Íslands í hættustjórnunaraðgerðum á vegum Evrópusambandsins.

Rammasamningur milli Íslands og Evrópusambandsins um þátttöku Íslands í hættustjórnunaraðgerðum á vegum Evrópusambandsins, sem gerður var í Brussel 21. febrúar 2005, öðlaðist gildi 1. apríl 2005.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytinu, 28. apríl 2005.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

**RAMMASAMNINGUR  
milli Evrópusambandsins  
og Lýðveldisins Íslands  
um þátttöku Lýðveldisins Íslands  
í hættustjórnunaraðgerðum  
Evrópusambandsins.**

**AGREEMENT  
between the European Union and the Republic  
of Iceland establishing a Framework for the  
participation of the Republic of Iceland  
in the European Union Crisis  
Management Operation**

EVRÓPUSAMBANDIÐ, annars vegar, og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, hins vegar,

hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,  
hafa, að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Evrópusambandið (ESB) kann að taka ákvörðun um að grípa til aðgerða á sviði hættustjórnunar,
2. Evrópusambandið mun ákveða hvort þriðju ríkjum verði boðið að taka þátt í hættustjórnunaraðgerðum ESB. Lýðveldið Ísland kann að þiggja boð Evrópusambandsins og bjóðast til að leggja sitt af mörkum. Evrópusambandið mun, í því tilviki, ákveða hvort tekið verði við fyrirhuguðu framlagi Lýðveldisins Íslands,
3. ákveði Evrópusambandið að grípa til hernáðarlegrar hættustjórnunaraðgerðar með því að beita tilföngum og kröftum NATO er lýðveldinu Íslandi heimilt að lýsa þeim vilja sínum, að meginreglu til, að taka þátt í aðgerðinni,

THE EUROPEAN UNION, of the one part,  
and

THE REPUBLIC OF ICELAND, of the other  
part,

hereinafter referred to as the "Parties",

Whereas:

- (1) The European Union (EU) may decide to take action in the field of crisis management.
- (2) The European Union will decide whether third states will be invited to participate in an EU crisis management operation. The Republic of Iceland may accept the invitation by the European Union and offer its contribution. In such case, the European Union will decide on the acceptance of the proposed contribution of the Republic of Iceland.
- (3) If the European Union decides to undertake a military crisis management operation with recourse to NATO assets and capabilities, the Republic of Iceland may express its intention in principle of taking part in the operation.

4. leiðtogaráðið hefur á fundi sínum í Brussel hinn 24. og 25. október 2002 samþykkt hvernig hrinda ber í framkvæmd þeim ákvæðum sem samþykkt voru á fundi leiðtogaráðsins í Nice 7. til 9. desember 2000 og fjalla um aðild evrópskra NATO-ríkja, sem eru ekki aðilar að ESB, að hættustjórnun sem ESB hefur forgöngu um,
  5. mæla ber fyrir um skilyrði er lúta að þátttöku lýðveldisins Íslands í hættustjórnunaraðgerðum ESB í rammasamningi um hugsanlega þátttöku þess í slíkum aðgerðum á komandi tímum frekar en að fyrirnefnd skilyrði séu skilgreind í hverju tilviki fyrir sig að því er einstakar aðgerðir varðar,
  6. nefndur samningur ætti hvorki að hafa áhrif á ákvarðanatöku Evrópusambandsins né þann hátt sem lýðveldið Ísland kys að hafa, að taka ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig um þátttöku í hættustjórnunaraðgerðum ESB,
  7. nefndur samningur ætti aðeins að taka til hættustjórnunaraðgerða ESB á komandi tímum og eigi hafa áhrif á hugsanlega gildandi samninga sem fjalla um þátttöku lýðveldisins Íslands í hættustjórnunaraðgerð ESB sem þegar hefur verið gripið til,
- (4) The European Council at Brussels on 24 and 25 October 2002 has agreed modalities for implementation of the provisions agreed by the Nice European Council on 7-9 December 2000 on the involvement of the non-EU European NATO members in EU-led crisis management.
  - (5) Conditions regarding the participation of the Republic of Iceland in EU crisis management operations should be laid down in an Agreement establishing a framework for such possible future participation, rather than defining these conditions on a case-by-case basis for each operation concerned.
  - (6) Such an Agreement should be without prejudice to the decision-making autonomy of the European Union, and should not prejudge the case-by-case nature of the decisions of the Republic of Iceland to participate in an EU crisis management operation.
  - (7) Such an Agreement should only address future EU crisis management operations and should be without prejudice to possible existing agreements regulating the participation of the Republic of Iceland in an already deployed EU crisis management operation,

## ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

## HAVE AGREED AS FOLLOWS:

## I. ÞÁTTUR

## SECTION I

## Almenn ákvæði.

## General provisions

## 1. gr.

## Article 1

*Ákvarðanir um þátttöku.**Decisions relating to the participation*

1. Lýðveldið Ísland skal, að tekinni ákvörðun Evrópusambandsins um að bjóða lýðveldinu Íslandi að taka þátt í hættustjórnunaraðgerð ESB og eftir að lýðveldið Ísland hefur ákveðið að þiggja boðið, veita Evrópusambandinu upplýsingar um fyrirhugað framlag sitt.
  2. Hafi Evrópusambandið ákveðið að grípa til hernaðarlegrar hættustjórnunaraðgerðar með því að beita tilföngum og kröftum NATO mun lýðveldið Ísland tilkynna Evrópusambandinu hvort það hyggist taka þátt í aðgerðinni og því næst veita upplýsingar um fyrirhugað framlag sitt.
1. Following the decision of the European Union to invite the Republic of Iceland to participate in an EU crisis management operation, and once the Republic of Iceland has decided to participate, the Republic of Iceland shall provide information on its proposed contribution to the European Union.
  2. Where the European Union has decided to undertake a military crisis management operation with recourse to NATO assets and capabilities, the Republic of Iceland will inform the European Union of any intention to participate in the operation, and subsequently provide information on any proposed contribution.

3. Evrópusambandið skal leggja mat á framlag lýðveldisins Íslands í samræði við lýðveldið Ísland.
  4. Evrópusambandið mun láta lýðveldinu Íslandi snemma í té vísbendingar um líklegt framlag til sameiginlegs kostnaðar við aðgerðina, eins fljótt og aðstæður leyfa, í því skyni að aðstoða lýðveldið Ísland við að setja saman tilboð sitt.
  5. Evrópusambandið skal tilkynna lýðveldinu Íslandi um niðurstöðu matsins með bréfi í því skyni að tryggja þátttöku lýðveldisins Íslands í samræmi við ákvæði þessa samnings.
3. The assessment by the European Union of the Republic of Iceland's contribution shall be conducted in consultation with the Republic of Iceland.
  4. The European Union will provide the Republic of Iceland with an early indication of likely contribution to the common costs of the operation as soon as possible with a view to assisting the Republic of Iceland in the formulation of its offer.
  5. The European Union shall communicate the outcome of the assessment to the Republic of Iceland by letter with a view to securing the participation of the Republic of Iceland in accordance with the provisions of this Agreement.

2. gr.  
*Umgerð.*

1. Lýðveldið Ísland skal tengjast þeirri sameiginlegu gerð þar sem ráð Evrópusambandsins tekur ákvörðun um að ESB muni standa fyrir þeirri hættustjórnunaraðgerð er um ræðir og þeim sameiginlegu gerðum eða ákvörðunum þar sem ráð Evrópusambandsins mælir fyrir um að færa út þá hættustjórnunaraðgerð ESB er um ræðir, í samræmi við ákvæði þessa samnings og hvers kyns nauðsynlegs samkomulags sem lýtur að framkvæmd.
2. Framlag lýðveldisins Íslands til hættustjórnunaraðgerðar ESB hefur engin áhrif á sjálf-ræði Evrópusambandsins með tilliti til ákvarðanatöku.

3. gr.  
*Staða starfslíðs og liðsafla.*

1. Um stöðu þess starfslíðs sem lýðveldið Ísland leggur til í því skyni að styðja borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB og/eða þess liðsafla sem það leggur til vegna hernáðarlegrar hættustjórnunaraðgerðar ESB fer samkvæmt samningi um stöðu liðsafla/sendisveitar, ef slíkur samningur er fyrir hendi, sem hefur verið gerður milli Evrópusambandsins og þess ríkis eða ríkja þar sem aðgerðin fer fram.
2. Um stöðu þess starfslíðs sem einstökum aðalstöðvum eða herstjórnareiningum, sem eru staðsettar utan þess ríkis eða ríkja þar sem viðkomandi hættustjórnunaraðgerð ESB fer fram, er lagt til fer samkvæmt samkomulagi milli hlutaðeigandi einstakra aðalstöðva og herstjórnareininga og lýðveldisins Íslands.

Article 2  
*Framework*

1. The Republic of Iceland shall associate itself with the Joint Action by which the Council of the European Union decides that the EU will conduct the crisis management operation, and with any Joint Action or Decision by which the Council of the European Union decides to extend the EU crisis management operation, in accordance with the provisions of this Agreement and any required implementing arrangements.
2. The contribution of the Republic of Iceland to an EU crisis management operation is without prejudice to the decision-making autonomy of the European Union.

Article 3  
*Status of personnel and forces*

1. The status of personnel seconded to an EU civilian crisis management operation and/or of the forces contributed to an EU military crisis management operation by the Republic of Iceland shall be governed by the agreement on the status of forces/mission, if available, concluded between the European Union and the State(s) in which the operation is conducted.
2. The status of personnel contributed to headquarters or command elements located outside the State(s) in which the EU crisis management operation takes place, shall be governed by arrangements between the headquarters and command elements concerned and the Republic of Iceland.

3. Lýðveldið Ísland skal, með fyrirvara um ákvæði samningsins um stöðu liðsafla/sendisveitar er um getur í 1. mgr., halda uppi lögsögu yfir starfslíði sínu sem tekur þátt í hættustjórnunaraðgerð ESB.
4. Lýðveldið Ísland skal bregðast við öllum kröfum sem tengjast þátttöku í hættustjórnunaraðgerð ESB og settar eru fram af hálfu einstaklinga úr starfslíði þess eða varða þá. Lýðveldið Ísland skal tryggja að gripið sé til aðgerða gegn einstaklingum úr starfslíði þess, einkum að mál sé höfðað eða agavaldi beitt, í samræmi við lög þess og reglur.
5. Lýðveldið Ísland skuldbindur sig til að gefa út yfirlýsingu þess efnis að það falli frá kröfum á hendur ríkjum sem eru þátttakendur í hættustjórnunaraðgerð ESB sem lýðveldið Ísland tekur þátt í og til að koma því til leiðar þegar það undirritar samning þennan. Fyrirmynd að fyrirnefndri yfirlýsingu er að finna í viðauka við samning þennan.
6. Aðildarríki Evrópusambandsins skuldbinda sig til að gefa út yfirlýsingu þess efnis að þau falli frá kröfum vegna þátttöku lýðveldisins Íslands í hættustjórnunaraðgerð ESB á komandi tímum og til að koma því til leiðar við undirritun þessa samnings. Fyrirmynd að fyrirnefndri yfirlýsingu er að finna í viðauka við samning þennan.
3. Without prejudice to the agreement on the status of forces/mission referred to in paragraph 1, the Republic of Iceland shall exercise jurisdiction over its personnel participating in the EU crisis management operation.
4. The Republic of Iceland shall be responsible for answering any claims linked to participation in an EU crisis management operation, from or concerning any of its personnel. The Republic of Iceland shall be responsible for bringing any action, in particular legal or disciplinary, against any of its personnel in accordance with its laws and regulations.
5. The Republic of Iceland undertakes to make a declaration as regards the waiver of claims against any State participating in an EU crisis management operation in which the Republic of Iceland participates, and to do so when signing this Agreement. A model for such a declaration is annexed to this Agreement.
6. European Union Member States undertake to make a declaration as regards the waiver of claims, for any future participation of the Republic of Iceland in an EU crisis management operation, and to do so upon signature of this Agreement. A model for such a declaration is annexed to this Agreement.

## 4. gr.

*Leynilegar upplýsingar.*

1. Lýðveldið Ísland skal gera víðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að leynilegar upplýsingar frá ESB séu verndaðar samkvæmt öryggisreglum ráðs Evrópusambandsins sem er að finna í ákvörðun ráðsins 2001/264/EB frá 19. mars 2001<sup>1</sup> og samkvæmt frekari leiðbeiningum sem til þess bær yfirvöld gefa út, meðal annars æðsti yfirmaður aðgerðar á vegum ESB, er um ræðir hernaðarlega hættustjórnunaraðgerð ESB, eða yfirmaður sendisveitar ESB er um ræðir borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB.
2. Hafi ESB og lýðveldið Ísland gengið frá samningi um öryggisverklag í tengslum við gagnkvæma miðlun leynilegra upplýsinga skulu ákvæði slíks samnings gilda að því er varðar hættustjórnunaraðgerð ESB.

1 Stjtið. EB L 101, 11.4.2001, bls. 1.

## Article 4

*Classified information*

1. The Republic of Iceland shall take appropriate measures to ensure that EU classified information is protected in accordance with the European Union Council's security regulations, contained in the Council Decision 2001/264/EC of 19 March 2001<sup>1</sup>, and in accordance with further guidance issued by competent authorities, including the EU Operation Commander concerning an EU military crisis management operation or by the EU Head of Mission concerning an EU civilian crisis management operation.
2. Where the EU and the Republic of Iceland have concluded an agreement on security procedures for the exchange of classified information, the provisions of such an agreement shall apply in the context of an EU crisis management operation.

1 OJ L 101, 11.4.2001, p. 1.

## II. ÞÁTTUR

Ákvæði um þátttöku í borgaralegum hættustjórnunaraðgerðum.

## 5. gr.

*Starfslið lagt til í því skyni að styðja borgaralega hættustjórnunaraðgerð.*

1. Lýðveldið Ísland skal tryggja að starfslið, sem það leggur til í því skyni að styðja borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB, vinni verkefni sitt í samræmi við:
  - sameiginlegu gerðina og síðari breytingar eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þessa samnings;
  - aðgerðaráætlunina;
  - framkvæmdarráðstafanir.
2. Lýðveldið Ísland skal tilkynna yfirmanni sendisveitar sem annast borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB og aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins með eðlilegum fyrirvara um allar breytingar á framlagi þess til borgaralegrar hættustjórnunaraðgerðar ESB.
3. Starfslið, sem lýðveldið Ísland leggur til í því skyni að styðja borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB, skal fara í lækni skoðun og bólusetningu og hafa vottorð frá til þess bæru yfirvaldi íslensku þess efnis að það sé hæft, í lækni fræðilegum skilningi, til þess að gegna skyldum sínum. Starfslið, sem er lagt til í því skyni að styðja borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB, skal framvísa eintaki af fyrrnefndu vottorði.

## 6. gr.

*Valdlýsing.*

1. Starfslið, sem lýðveldið Ísland leggur til í því skyni að styðja hættustjórnunaraðgerð ESB, skal vinna skyldustörf sín og haga gerðum sínum eingöngu með framgang hinnar borgaralegu hættustjórnunaraðgerðar að leiðarljósi.
2. Allt starfslið skal vera áfram undir stjórn yfirvalda lands síns í einu og öllu.
3. Landsyfírvöld skulu framselja stjórn aðgerða yfirmanni sendisveitar sem annast borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB og fer hann með stjórn samkvæmt stigskiptu stjórnkerfi.
4. Yfirmaður sendisveitarinnar skal stýra borgaralegri hættustjórnunaraðgerð ESB og hafa daglega stjórn á hendi.

## SECTION II

Provisions on participation in civilian crisis management operations

## Article 5

*Personnel seconded to an EU civilian crisis management operation*

1. The Republic of Iceland shall ensure that its personnel seconded to the EU civilian crisis management operation undertake their mission in conformity with:
  - the Joint Action and subsequent amendments as referred to in Article 2(1) of this Agreement;
  - the Operation Plan;
  - implementing measures.
2. The Republic of Iceland shall inform in due time the EU civilian crisis management operation Head of Mission and the General Secretariat of the Council of the European Union of any change to its contribution to the EU civilian crisis management operation.
3. Personnel seconded to the EU civilian crisis management operation shall undergo a medical examination, vaccination and be certified medically fit for duty by a competent authority from the Republic of Iceland. Personnel seconded to the EU civilian crisis management operation shall produce a copy of this certification.

## Article 6

*Chain of command*

1. Personnel seconded by the Republic of Iceland shall carry out their duties and conduct themselves solely with the interests of the EU civilian crisis management operation in mind.
2. All personnel shall remain under the full command of their national authorities.
3. National authorities shall transfer operational control to the EU civilian crisis management operation Head of Mission, who shall exercise that command through a hierarchical structure of command and control.
4. The Head of Mission shall lead the EU civilian crisis management operation and assume its day-to-day management.

5. Lýðveldið Ísland hefur sama rétt og sömu skyldum að gegna, að því er varðar daglega stjórn viðkomandi aðgerðar, og aðildarríki Evrópusambandsins, sem taka þátt í aðgerðinni, í samræmi við þá lagagæringa er um getur í 1. mgr. 2. gr. þessa samnings.
6. Yfirmaður sendisveitar, sem annast borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB, fer með agavald yfir því starfsliði sem vinnur að framgangi hinnar borgaralegu hættustjórnunaraðgerðar ESB. Hlutadeigandi landsyfirkvöld skulu beita agavaldi sé þess krafist.
7. Lýðveldið Ísland skal tilnefna innlendan tengilið íslenska mannaflans sem kemur fram fyrir hönd hans í aðgerðinni. Innlendi tengiliðurinn skal gefa yfirmanni sendisveitar, sem annast borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB, skýrslu um innlend málefni og halda aga í sínum hópi frá degi til dags.
8. Evrópusambandið tekur ákvörðun um endalok aðgerðar, að höfðu samráði við Lýðveldið Ísland, að því tilskildu að Lýðveldið Ísland leggi enn skerf til þeirrar borgaralegu hættustjórnunaraðgerðar ESB er um ræðir þann dag þegar aðgerðinni er hætt.
5. The Republic of Iceland shall have the same rights and obligations in terms of day-to-day management of the operation as European Union Member States taking part in the operation, in accordance with the legal instruments referred to in Article 2(1) of this Agreement.
6. The EU civilian crisis management operation Head of Mission shall be responsible for disciplinary control over EU civilian crisis management operation personnel. Where required, disciplinary action shall be taken by the national authority concerned.
7. A National Contingent Point of Contact (NPC) shall be appointed by the Republic of Iceland to represent its national contingent in the operation. The NPC shall report to the EU civilian crisis management operation Head of Mission on national matters and shall be responsible for day-to-day contingent discipline.
8. The decision to end the operation shall be taken by the European Union, following consultation with the Republic of Iceland, provided that the Republic of Iceland is still contributing to the EU civilian crisis management operation at the date of termination of the operation.

## 7. gr.

*Fjárhagslegir þættir.*

1. Lýðveldið Ísland skal bera allan kostnað af þátttöku landsins í viðkomandi aðgerð að undanskildum kostnaði, sem er mætt með sameiginlegri fjármögnun, eins og fram kemur í fjárhagslegri rekstraráætlun fyrir aðgerðina. Framangreind ákvæði gilda með fyrirvara um 8. gr.
2. Ef einstaklingur eða lögpersóna, frá því ríki eða ríkjum þar sem aðgerðin fer fram, lætur lífið, slasast, verður fyrir missi eða tjóni skal Lýðveldið Ísland, þegar skaðabótaskylda þess hefur verið ákveðin, greiða bætur samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í samningnum um stöðu sendisveitar, ef um slíkan samning er að ræða, sbr. 1. mgr. 3. gr. þessa samnings.

## 8. gr.

*Framlag til fjárhagslegrar rekstraráætlunar.*

1. Lýðveldið Ísland skal leggja sitt af mörkum til að fjármagna fjárhagslega rekstraráætlun fyrir hina borgaralegu hættustjórnunaraðgerð ESB.

## Article 7

*Financial aspects*

1. The Republic of Iceland shall assume all the costs associated with its participation in the operation apart from the costs, which are subject to common funding, as set out in the operational budget of the operation. This shall be without prejudice to Article 8.
2. In case of death, injury, loss or damage to natural or legal persons from the State(s) in which the operation is conducted, the Republic of Iceland shall, when its liability has been established, pay compensation under the conditions foreseen in the agreement on the status of mission, if available, as referred to in Article 3(1) of this Agreement.

## Article 8

*Contribution to operational budget*

1. The Republic of Iceland shall contribute to the financing of the operational budget of the EU civilian crisis management operation.

2. Fjárframlag lýðveldisins Íslands til rekstraráætlunarinnar skal vera lægri fjárhæðin af eftirfarandi tveimur kostum:
    - a. sá hluti af viðmiðunarfjárhæðinni sem er í réttu hlutfalli við hlutfall vergra þjóðartekna þess af heildarsummu vergra þjóðartekna allra ríkja sem leggja fram sinn skerf til fjárhagslegrar rekstraráætlunar aðgerðarinnar; eða
    - b. sá hluti af viðmiðunarfjárhæð fjárhagslegu rekstraráætlunarinnar sem er í réttu hlutfalli við hlutfall fjölda starfsliðs þess, sem tekur þátt í aðgerðinni, af heildarfjölda starfsliðs allra ríkja sem taka þátt í aðgerðinni.
  3. Lýðveldið Ísland skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., vera undanþegið framlögum til þess að fjármagna dagpeninga sem eru greiddir starfsliði aðildarríkja Evrópusambandsins.
  4. Evrópusambandið skal, að meginreglu til og þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., undanþiggja þriðju ríki fjárframlögum til tiltekinnar borgaralegrar hættustjórnunaraðgerðar ESB þegar:
    - a. Evrópusambandið kveður á um að viðkomandi þriðja ríki, sem tekur þátt í aðgerðinni, leggi fram drjúgan skerf sem er nauðsynlegur fyrir aðgerðina; eða
    - b. vergar þjóðartekjur viðkomandi þriðja ríkis, sem tekur þátt í aðgerðinni, á mann eru ekki hærri en hjá einhverju aðildarríki Evrópusambandsins.
  5. Yfirmaður sendisveitar sem annast borgaralega hættustjórnunaraðgerð ESB og hlutaðeigandi stjórnarsýslustofnun lýðveldisins Íslands skulu undirrita samkomulag sín á milli um hvernig standa ber að greiðslunni vegna framlags lýðveldisins Íslands til fjárhagslegrar rekstraráætlunar fyrir hina borgaralegu hættustjórnunaraðgerð ESB. Í samkomulaginu skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi atriði:
    - a. þá fjárhæð sem um ræðir;
    - b. fyrirkomulag greiðslu fjárframlagsins;
    - c. verklag við endurskoðun.
2. The financial contribution of the Republic of Iceland to the operational budget shall be the lower amount of the following two alternatives:
    - (a) that share of the reference amount which is in proportion to the ratio of its GNI to the total of the GNIs of all States contributing to the operational budget of the operation; or
    - (b) that share of the reference amount for the operational budget which is in proportion to the ratio of the number of its personnel participating in the operation to the total number of personnel of all States participating in the operation.
  3. Notwithstanding paragraphs 1 and 2, the Republic of Iceland shall not make any contribution towards the financing of per diem allowances paid to personnel of the European Union Member States.
  4. Notwithstanding paragraph 1, the European Union shall, in principle, exempt third States from financial contributions to a particular EU civilian crisis management operation when:
    - (a) the European Union decides that the third State participating in the operation provides a significant contribution which is essential for this operation; or
    - (b) the third State participating in the operation has a GNI per capita which does not exceed that of any Member State of the European Union.
  5. An arrangement on the practical modalities of the payment shall be signed between the EU civilian crisis management operation Head of Mission and the relevant administrative services of the Republic of Iceland on the contributions of the Republic of Iceland to the operational budget of the EU civilian crisis management operation. This arrangement shall, inter alia, include the following provisions:
    - (a) the amount concerned;
    - (b) the arrangements for payment of the financial contribution;
    - (c) the auditing procedure.

## III. ÞÁTTUR

Ákvæði um þátttöku í hernaðarlegum hættustjórnunaraðgerðum.

## 9. gr.

*Þátttaka í hernaðarlegri  
hættustjórnunaraðgerð ESB.*

1. Lýðveldið Ísland skal tryggja að liðsafl þess og starfslið sem tekur þátt í hernaðarlegri hættustjórnunaraðgerð ESB vinni verkefni sitt í samræmi við:
  - sameiginlegu gerðina og síðari breytingar eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þessa sammings;
  - aðgerðaráætlunina;
  - framkvæmdarráðstafanir.
2. Starfslið, sem lýðveldið Ísland leggur til í því skyni að styðja hættustjórnunaraðgerð, skal vinna skyldustörf sín og haga gerðum sínum eingöngu með framgang hinnar hernaðarlegu hættustjórnunaraðgerðar ESB að leiðarljósi.
3. Lýðveldið Ísland skal tilkynna æðsta yfirmanni aðgerðar ESB með eðlilegum fyrirvara um allar breytingar á þátttöku þess í aðgerðinni.

## 10. gr.

*Valdlýsing.*

1. Allur liðsafl og starfslið, sem tekur þátt í hernaðarlegri hættustjórnunaraðgerð ESB, skal vera áfram undir stjórn yfirvalda lands síns í einu og öllu.
2. Landsyfirvöld skulu afhenda æðsta yfirmanni aðgerðar ESB vald yfir liðsafla sínum og starfsliði, og/eða stjórn hans eða þess, sem lýtur að framkvæmd og aðferðum. Æðsti yfirmaður aðgerðar ESB hefur heimild til að fela öðrum vald sitt.
3. Lýðveldið Ísland hefur sama rétt og sömu skyldum að gegna, að því er varðar daglega stjórn viðkomandi aðgerðar, og aðildarríki Evrópusambandsins sem taka þátt í aðgerðinni.
4. Æðsti yfirmaður aðgerðar ESB getur, hvernær sem er og að höfðu samráði við lýðveldið Ísland, farið fram á að framlag lýðveldisins Íslands verði dregið til baka.
5. Lýðveldið Ísland skal tilnefna háttsettan fulltrúa til þess að vera í fyrirsvari fyrir mannafla sinn í hernaðarlegri hættustjórnunaraðgerð ESB. Háttsetti fulltrúinn skal

## SECTION III

Provisions on participation in military crisis management operations

## Article 9

*Participation in the  
EU military crisis management operation*

1. The Republic of Iceland shall ensure that its forces and personnel participating in the EU military crisis management operation undertake their mission in conformity with:
  - the Joint Action and subsequent amendments as referred to in Article 2(1) of this Agreement;
  - the Operation Plan;
  - implementing measures.
2. Personnel seconded by the Republic of Iceland shall carry out their duties and conduct themselves solely with the interest of the EU military crisis management operation in mind.
3. The Republic of Iceland shall inform the EU Operation Commander in due time of any change to its participation in the operation.

## Article 10

*Chain of command*

1. All forces and personnel participating in the EU military crisis management operation shall remain under the full command of their national authorities.
2. National authorities shall transfer the Operational and Tactical command and/or control of their forces and personnel to the EU Operation Commander. The EU Operation Commander is entitled to delegate his authority.
3. The Republic of Iceland shall have the same rights and obligations in terms of the day-to-day management of the operation as participating European Union Member States.
4. The EU Operation Commander may, following consultations with the Republic of Iceland, at any time request the withdrawal of the Republic of Iceland's contribution.
5. A Senior Representative (SR) shall be appointed by the Republic of Iceland to represent its national contingent in the EU military crisis management operation.



hafa samráð við æðsta yfirmann liðsafla ESB um öll mál er varða aðgerðina og halda aga í sínum hópi frá degi til dags.

The SR shall consult with the EU Force Commander on all matters affecting the operation and shall be responsible for day-to-day contingent discipline.

#### 11. gr.

##### *Fjárhagslegir þættir.*

1. Lýðveldið Ísland skal, með fyrirvara um ákvæði 12. gr., bera allan kostnað af þátttöku landsins í viðkomandi aðgerð, nema kostnaði sé mætt með sameiginlegri fjármögnun eins og mælt er fyrir um í þeim lagagerningum er um getur í 1. mgr. 2. gr. þessa samnings og í ákvörðun ráðsins 2004/197/SSUÖ frá 23. febrúar 2004 um tilhöggun fjármögnunar sameiginlegs kostnaðar vegna aðgerða ESB sem hafa þýðingu á sviði hernaðar eða varna<sup>2</sup>.
2. Ef einstaklingur eða lögpersóna, frá því ríki eða ríkjum þar sem aðgerðin fer fram, lætur lífið, slasast, verður fyrir missi eða tjóni skal Lýðveldið Ísland, þegar skaðabótaskylda þess hefur verið ákveðin, greiða bætur samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í samningnum um stöðu liðsafla, ef um slíkan samning er að ræða, sbr. 1. mgr. 3. gr. þessa samnings.

#### 12. gr.

##### *Framlag til sameiginlegs kostnaðar.*

1. Lýðveldið Ísland skal leggja sitt af mörkum til að fjármagna sameiginlegan kostnað vegna hernaðarlegrar hættustjórnunar aðgerðar ESB.
2. Fjárframlag lýðveldisins Íslands til sameiginlegs kostnaðar skal vera lægri fjárhæðin af eftirfarandi tveimur kostum:
  - a. sá hluti af viðmiðunarfjárhæð sameiginlegs kostnaðar sem er í réttu hlutfalli við hlutfall vergra þjóðartekna þess af heildarsummu vergra þjóðartekna allra ríkja sem leggja fram sinn skerf til sameiginlegs kostnaðar við aðgerðina; eða
  - b. sá hluti af viðmiðunarfjárhæð sameiginlegs kostnaðar sem er í réttu hlutfalli við hlutfall fjölda starfslíðs þess, sem tekur þátt í aðgerðinni, af heildarfjölda starfslíðs allra ríkja sem taka þátt í aðgerðinni.

Þegar útreikningur skv. b-lið 2. mgr. er gerður og lýðveldið Ísland leggur starfslíð

2 Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 68.

#### Article 11

##### *Financial aspects*

1. Without prejudice to Article 12, the Republic of Iceland shall assume all the costs associated with its participation in the operation unless the costs are subject to common funding as provided for in the legal instruments referred to in Article 2(1) of this Agreement, as well as in Council Decision 2004/197/CFSP of 23 February 2004 establishing a mechanism to administer the financing of the common costs of EU operations having military or defence implications.<sup>2</sup>
2. In case of death, injury, loss or damage to natural or legal persons from the State(s) in which the operation is conducted, the Republic of Iceland shall, when its liability has been established, pay compensation under the conditions foreseen in the agreement on the status of forces, if available, as referred to in Article 3(1) of this Agreement.

#### Article 12

##### *Contribution to the common costs*

1. The Republic of Iceland shall contribute to the financing of the common costs of the EU military crisis management operation.
2. The financial contribution of the Republic of Iceland to the common costs shall be the lower amount of the following two alternatives:
  - (a) that share of the reference amount for the common costs which is in proportion to the ratio of its GNI to the total of the GNIs of all States contributing to the common costs of the operation; or
  - (b) that share of the reference amount for the common costs which is in proportion to the ratio of the number of its personnel participating in the operation to the total number of personnel of all States participating in the operation.

In calculating 2(b), where the Republic of Iceland contributes personnel only to the

2 OJ L 63, 28.2.2004, p. 68.

- aðeins til aðalstöðva aðgerðar eða liðsafla skal nota hlutfall starfslíðs þess af heildarfrjöldu starfslíðs viðkomandi aðalstöðva. Í öðrum tilvikum skal hlutfallið vera hlutfall alls starfslíðs, sem lýðveldið Ísland leggur til, af heildarfrjöldu starfslíðs aðgerðarinnar.
3. Evrópusambandið skal, að meginreglu til og þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., undanþiggja þriðju ríki fjárframlögum til sameiginlegs kostnaðar vegna tiltekinnar hernaðarlegrar hættustjórnunar aðgerðar ESB þegar:
    - a. Evrópusambandið kveður á um að viðkomandi þriðja ríki, sem tekur þátt í aðgerðinni, leggi fram drjúgan skerf í formi nauðsynlegra tilfanga og/eða krafta fyrir aðgerðina; eða
    - b. vergar þjóðartekjur viðkomandi þriðja ríkis, sem tekur þátt í aðgerðinni, á mann eru ekki hærrí en hjá einhverju aðildarríki Evrópusambandsins.
  4. Stjórnandi sá sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2004/197/SSUÖ frá 23. febrúar 2004 um tilhögun fjármögnunar sameiginlegs kostnaðar vegna aðgerða ESB sem hafa þýðingu á sviði hernaðar eða varna og til þess bær stjórnvöld íslensk skulu gera með sér samkomulag. Í samkomulaginu skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi atriði:
    - a. þá fjárhæð sem um ræðir;
    - b. fyrirkomulag greiðslu fjárframlagsins;
    - c. verklag við endurskoðun.
- Operation or Force Headquarters, the ratio used shall be that of its personnel to that of the total number of the respective headquarters personnel. Otherwise, the ratio shall be that of all personnel contributed by the Republic of Iceland to that of the total personnel of the operation.
3. Notwithstanding paragraph 1, the European Union shall, in principle, exempt third States from financial contributions to the common costs of a particular EU military crisis management operation when:
    - (a) the European Union decides that the third State participating in the operation provides a significant contribution to assets and/or capabilities which are essential for this operation; or
    - (b) the third State participating in the operation has a GNI per capita which does not exceed that of any Member State of the European Union.
  4. An arrangement shall be concluded between the Administrator provided for in Council Decision 2004/197/CFSP of 23 February 2004 establishing a mechanism to administer the financing of the common costs of EU operations having military or defence implications, and the competent administrative authorities of the Republic of Iceland. This arrangement shall include inter alia provisions on:
    - (a) the amount concerned;
    - (b) the arrangements for payment of the financial contribution;
    - (c) the auditing procedure.

#### IV. ÞÁTTUR

##### Lokaákvæði.

##### 13. gr.

##### *Samkomulag um framkvæmd sammingsins.*

Aðalfrankvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins, talsmaður sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum (SSUÖ), og hlutaðeigandi yfirvöld íslensk skulu, með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 12. gr., ganga frá nauðsynlegu samkomulagi um tæknimál og stjórnsýslu samningi þessum til framkvæmdar.

#### SECTION IV

##### Final provisions

##### Article 13

##### *Arrangements to implement the Agreement*

Without prejudice to the provisions of Articles 8(5) and 12(4), any necessary technical and administrative arrangements in pursuance of the implementation of this Agreement shall be concluded between the Secretary General of the Council of the European Union, High Representative for the Common Foreign and Security Policy, and the appropriate authorities of the Republic of Iceland.

## 14. gr.

*Brot á ákvæðum samningsins.*

Efni annar samningsaðilinn ekki skuldbindingar sínar, sem mælt er fyrir um í greinunum hér að framan, ber hinum réttur til þess að ógilda samning þennan með því að afhenda tilkynningu þess efnis með eins mánaðar fyrirvara.

## 15. gr.

*Lausn deilumála.*

Deilur um túlkun eða framkvæmd þessa samnings skal leysa milli samningsaðila eftir diplómátskum leiðum.

## 16. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag fyrsta mánaðar eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að málsmeðferð þeirra í þessu skyni sé lokið.
2. Beita ber ákvæðum þessa samnings til bráðabirgða frá þeim degi er hann er undirritaður.
3. Endurskoða ber samning þennan eigi síðar en 1. júní 2008 og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár eftir það.
4. Heimilt er að gera breytingar á samningi þessum, byggðar á skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.
5. Öðrum samningsaðila er heimilt að segja samningi þessum upp með því að afhenda hinum skriflega tilkynningu þess efnis. Uppsögn öðlast gildi sex mánuðum eftir að hinn samningsaðilinn veitir tilkynningu um uppsögn viðtöku.

Gjört í Brussel hinn 21. febrúar 2005 í fjórum eintökum á ensku.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands  
Kjartan Jóhannsson

Fyrir hönd Evrópusambandsins  
Javier Solana

## Article 14

*Non compliance*

Should one of the Parties fail to comply with its obligations laid down in the previous Articles, the other Party shall have the right to terminate this Agreement by serving a notice of one month.

## Article 15

*Dispute settlement*

Disputes concerning the interpretation or application of this Agreement shall be settled by diplomatic means between the Parties.

## Article 16

*Entry into force*

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the first month after the Parties have notified each other of the completion of the internal procedures necessary for this purpose.
2. This Agreement shall be provisionally applied from the date of signature.
3. This Agreement shall be subject to review not later than 1 June 2008, and subsequently at least every three years.
4. This Agreement may be amended on the basis of mutual written agreement between the Parties.
5. This Agreement may be denounced by one Party by written notice of denunciation given to the other Party. Such denunciation shall take effect six months after receipt of notification by the other Party.

Done at Brussels, on 21.02. 2005 in the English language in four copies.

For the Republic of Iceland  
Kjartan Jóhannsson

For the European Union  
Javier Solana

## VIDAUKI

## ANNEX

## Texti yfirlýsinga.

## Text for declarations

*Yfirlýsing aðildarríkja ESB:*

ESB-ríkin, sem beita sameiginlegri gerð um hættustjórnunaraðgerð ESB sem lýðveldið Ísland tekur þátt í, munu leitast við, að því marki sem réttarkerfi hvers og eins heimilar, að falla frá kröfum á hendur lýðveldinu Íslandi, eins og frekast er unnt, vegna meiðsla eða dauða starfslíðs þeirra eða tjóns á tilföngum þeirra, sem eru notuð í hættustjórnunaraðgerð ESB, eða taps slíkra tilfanga, ef slík meiðsl, dauði, tjón eða tap:

- var af völdum starfslíðs lýðveldisins Íslands við skyldustörf í þágu hættustjórnunaraðgerðar ESB, nema um sé að ræða vítaverða vanrækslu eða vísvitandi misgerð; eða
- varð vegna notkunar tilfanga í eigu lýðveldisins Íslands, að því tilskildu að fyrrnefnd tilföng hafi verið notuð í tengslum við aðgerðina og nema um sé að ræða vítaverða vanrækslu eða vísvitandi misgerð starfslíðs hættustjórnunaraðgerðar ESB frá lýðveldinu Íslandi sem notaði fyrrnefnd tilföng.

*Yfirlýsing lýðveldisins Íslands:*

Lýðveldið Ísland, sem beitir sameiginlegri gerð ESB um hættustjórnunaraðgerð ESB, mun leitast við, að því marki sem réttarkerfi þess heimilar, að falla frá kröfum á hendur hverju öðru ríki, sem tekur þátt í viðkomandi hættustjórnunaraðgerð ESB, eins og frekast er unnt, vegna meiðsla eða dauða starfslíðs síns eða tjóns á tilföngum sínum, sem eru notuð í hættustjórnunaraðgerð ESB, eða taps slíkra tilfanga, ef slík meiðsl, dauði, tjón eða tap:

- var af völdum starfslíðs við skyldustörf í þágu hættustjórnunaraðgerðar ESB, nema um sé að ræða vítaverða vanrækslu eða vísvitandi misgerð; eða
- varð vegna notkunar tilfanga í eigu ríkja, sem tóku þátt í hættustjórnunaraðgerð ESB, að því tilskildu að fyrrnefnd tilföng hafi verið notuð í tengslum við aðgerðina og nema um sé að ræða vítaverða vanrækslu eða vísvitandi misgerð starfslíðs hættustjórnunaraðgerðar ESB sem notaði fyrrnefnd tilföng.

*Declaration by the EU Member States:*

The EU Member States applying an EU Joint Action on an EU crisis management operation in which the Republic of Iceland participates will endeavour, insofar as their internal legal systems so permit, to waive as far as possible claims against the Republic of Iceland for injury, death of their personnel, or damage to, or loss of, any assets owned by themselves and used by the EU crisis management operation if such injury, death, damage or loss:

- was caused by personnel from the Republic of Iceland in the execution of their duties in connection with the EU crisis management operation, except in case of gross negligence or wilful misconduct, or
- arose from the use of any assets owned by the Republic of Iceland, provided that the assets were used in connection with the operation and except in case of gross negligence or wilful misconduct of EU crisis management operation personnel from the Republic of Iceland using those assets.

*Declaration by the Republic of Iceland:*

The Republic of Iceland applying an EU Joint Action on an EU crisis management operation will endeavour, insofar as its internal legal system so permit, to waive as far as possible claims against any other State participating in the EU crisis management operation for injury, death of its personnel, or damage to, or loss of, any assets owned by itself and used by the EU crisis management operation if such injury, death, damage or loss:

- was caused by personnel in the execution of their duties in connection with the EU crisis management operation, except in case of gross negligence or wilful misconduct, or
- arose from the use of any assets owned by States participating in the EU crisis management operation, provided that the assets were used in connection with the operation and except in case of gross negligence or wilful misconduct of EU crisis management operation personnel using those assets.